

# POWERtalk International fundir deilda á ÍSLANDI 2007-2008

<p><b>ITC Fifa Kópavogi</b> <b>Fundur:</b> 1. og 3. miðvikudag kl. 20:15 í Safnaðarheimili Hjallakirkju, Álfaheiði 17, Kópavogi</p>	<p><b>ITC Fluga</b> <b>Mývatnssveit</b> <b>Fundur:</b> 2. og 4. mánudag kl. 20:30, viðsvegar um sýsluna, oftast þó í Hafralækjarskóla.</p>
<p><b>ITC Harpa Reykjavík</b> <b>Fundur:</b> 2. og 4. þriðjudag kl. 20:00, Borgartúni 22, 3 hæð, Rvk.</p>	<p><b>ITC Íris Hafnarfirði</b> <b>Fundur:</b> 1. og 3. þriðjudag kl. 20:15 í Vonarhöfn, (Suðurg.m). Hafnarfj.kirkju vStrandgötu, Hfj.</p>
<p><b>ITC Ísafold, "Grand Ladies".</b>(eldri félagar). <b>Fundur:</b> 1. fimmtud hvers mánaðar kl. 19:30, Hótel Loftleiðum, Rvk.</p>	<p><b>ITC Jóra Selfossi</b> <b>Fundur:</b> 1. og 3. mánudag kl 20:00 í Selinu, Engjavegi 44, Selfossi.</p>
<p><b>ITC Korpa Mosfellsbæ</b> <b>Fundur:</b> 1. og 3. miðvikudag kl 20:00 í Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, Mosfellsbæ</p>	<p><b>ITC Melkorka</b> <b>Reykjavík</b> <b>Fundur:</b> 4. miðvikud. kl 20:00 í Sjálfsstæðissalnum Hverafold 5, 3. hæð, Reykjavík</p>
<p><b>ITC Saga – enska</b> <b>deildin</b> <b>Fundur:</b> 4. fimmtudag kl 19:30 í Hlégarði, (efri hæð) Mosfellsbæ.</p>	<p><b>ITC Stjarna</b> <b>Rangárpíngi</b> <b>Fundur:</b> 4. miðvikud. kl 20:30 á Hvoli, Hvolsvelli.</p>

## Jórutíðindi

2. Tbl. 15. starfsárs 2007-2008 í janúar 2008



### Þér er boðið á fræðslu- og kynningarfund

Nýtt Powertalk námskeið er að hefjast hjá ITC Jóru þar sem farið verður í undirstöðuatriði m.a. í uppbyggingu ræðu, framkomu í ræðustól, raddbeitingu og líkamstjáningu. Allir eru velkomnir á þennan kynningarfund án skuldbindinga. Komið og fræðist um nýtt og skemmtilegt námsefni þar sem allir geta lært þá list að líða vel í ræðustólnum og sumir fara meira að segja að hafa gaman að. Sigrún Guðmundsdóttir, sem vann eftirminnilegan sigur í alþjóðlegri ræðukeppni í Ástralíu í fyrrasumar verður leiðbeinandi.

*Námskeið og þjálfun í  
öflugum málflutningi - sex  
skipti á tveggja vikna fresti:*

1. Uppbygging ræðu
2. Framkoma í ræðustól
3. Raddbeiting
4. Líkamstjáning
5. Hjálpargögn
6. Að koma öllu heim og saman

[www.powertalkinternational.com](http://www.powertalkinternational.com)  
© International Training in Communication



**Ertu með sviðsskrekk?  
Við getum hjálpað...**

Komdu á kynningarfund  
mánudaginn 21. janúar 2008  
kl. 20:00 – 22:00

í Selinu Engjavegi 44, Selfossi.

**Boðið gildir fyrir þig og þína vini.**

*- Allir velkomnir -*

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu  
ITC Jóru: [www.internet.is/jora](http://www.internet.is/jora), eða hjá Sigríði 482-  
2556, Önnu Kristínu 482-2761, Helgu 483-5003, og  
Ingunni 482 1330.

## ITC Jóra Selfossi

[www.internet.is/jora](http://www.internet.is/jora)  
Landssamtök ITC á Íslandi  
[www.simnet.is/itc](http://www.simnet.is/itc)  
[powertalk@simnet.is](mailto:powertalk@simnet.is)

**Gestir ávallt velkomnir á fundi**

## Hvað er **POWERtalk International**?

- Alþjóðlegur félagsskapur sem býður upp á sjálfsnám og sjálfstyrkingu, með jafningjafræðslu og þjálfun ásamt endurgjöf.
- Starfar í 22 löndum í fjórum heimsálfum.
- Þjálfun og fræðsla með viðurkenndu námsefni í grundvallaratriðum munnlegra og skriflegra tjáskipta, hlustun og forystu, til aukins sjálfsþroska félagana.

## MARKMIÐ OG STEFNA

- Að hvetja til aukins persónulegs þroska einstaklingsins með því að:
- skapa tækifæri til að æfa tjáskipti og stjórnun - á reglulegum deildarfundum og með þátttöku í nefndarstörfum, stjórnarstörfum og samvinnu á efri stigum samtakanna;
- gefa kost á frammistöðumati eða mati á því hvort aðili hefur nýtt sér námsefni, ásamt ábendingum um áframhaldandi framfarir og þjálfun.

## ÁHERSLUR Í ÞJÁLFUN

- *Samskipti*
- *Stjórnun*
- *Skipulagning*
- *Sjálfsþroski*

## Tjáning þarf ekki að vera þjáning!

- Þjálfðu hæfni þína og byggðu upp sjálfstraust í glaðværum og góðum félagsskap í vinsamlegu umhverfi.
- *POWERtalk* er þjálfun í þína þágu.

## HVERJIR GETA ORÐIÐ FÉLAGAR?

- *POWERtalk International* er opið öllum sem áhuga hafa. Allir fullorðnir einstaklingar eru velkomnir án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs, ríkisborgararéttar eða uppruna.
- Á Íslandi eru starfandi 10 deildir víðs vegar um landið. Þjálfunin fer fram á tveggja vikna fresti tvo tíma í senn á skipulögðum fundum. Hluti af þjálfuninni er skipulagning fundanna ásamt stjórnun þeirra.
- Þjálfunin fer fram í íslensku í öllum deildunum neima ITC Sögu, sem heldur fundina á ensku.

## ÞAÐ ER EKKI KOSTNAÐUR HELDUR FJÁRFESTING

- *POWERtalk International* eru sjálfstæð samtök og hvorki rekin í hagnaðar né góðgerðarskyni.
- *POWERtalk International* eru ekki gróðasamtök. Markmiðið er þó að samtökin standi undir kostnaði.
- Byggt á lágmarks félagsgjöldum sem eru breytileg eftir deildum sem helgast af kostnaði hvernar deildar. Kr. 2.000 -3.000 á mánuði er algengt mánaðargjald á Íslandi.
- Stjórnunarstörf eru hluti af þjálfun og því ólaunuð.
- Að vera félagi er fjárfesting. Þar sem tími, vinna og peningar skila miklum arði í persónulegum þroska.
- **Fjárfestu í sjálfum þér til framtíðar og vertu með í skemmtilegum félagsskap þar sem möguleikarnir eru óendanlegir.**

